

Ríkissaksóknari

Fyrirmæli/Leiðbeiningar

Útgáfudagur:

1. september 2009

Gildistaka:

1. september 2009

RS: 6/2009

Kemur í stað RS- 1/2001

Efni: Um meðferð á kæru á hendur starfsmanni í lögreglu fyrir refsivert brot.

Brot við framkvæmd starfa:

35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. 6. gr. laga nr. 29/1998:

Kæru á hendur starfsmanni í lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans skal beina til ríkissaksóknara og fer hann með rannsókn málsins.

Við meðferð slíkra mála getur ríkissaksóknari beitt þeim heimildum sem lögregla hefur endranær.

Lögreglu ber að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn mála samkvæmt þessari grein eftir því sem óskað er.

Kæra eða kvörtun?

Ekki er alltaf ljós hvort kærandi hyggist kæra starfsmann í lögreglu til refsingar fyrir framkvæmd starfa eða hvort hann vilji kvarta yfir störfum hans til yfirstjórnar lögreglu. Áhersla er því lögð á að lögreglumaður, sem tekur við kæru, gangi rækilega úr skugga um hver vilji kæranda er í þessum efnum þannig að mál geti þegar farið í réttan farveg. Fram komi í lögregluskýrslu að þetta hafi verið gert.

Kærumóttaka o.fl.

Leiti einhver til lögreglu til þess að kæra starfsmann í lögreglu fyrir brot í starfi skal taka við kærinni þótt starfsmaðurinn starfi hjá því lögregluliði sem kærandinn hefur leitað til. Ekki má vísa kærandanum annað með erindi sitt.

Þýðingarmikið er að reyndur lögreglumaður (rannsóknarlögreglumaður), sérstaklega til þess kvaddur og þjálfaður, taki við kærinni.

Æskilegt er að skýrslugerðarkerfi lögreglunnar verði ekki notað við ritun kæruskýrslu heldur venjulegt ritvinnsluforrit, t.d. Word.

Brýnt er að kæranda verði skýrt frá því að kæran verði samkvæmt lögum send ríkissaksóknara til meðferðar og er rétt að geta þess í kæruskýrslu að kæranda hafi verið leiðbeint að þessu leyti.

Framsending kæru

Kæru til refsingar ber þegar eftir móttöku að senda ríkissaksóknara ásamt gögnum eða afriti gagna sem liggja fyrir og varða kæruatvikið.

Skýrslutökur starfsmanna ríkissaksóknara

Að því er stefnt að starfsmenn ríkissaksóknara annist aðrar skýrslutökur í máli, sbr. þó 3. mgr. 35. gr. lögreglulaga, og þá jafnframt frekari skýrslutöku af kæranda máls þyki tilefni til þess.

Brot utan starfs:*Tilkynning til ríkissaksóknara*

Berist lögreglu kæra um refsivert brot starfsmanns í lögreglu utan starfs eða vakni rökstuddur grunur um slíkt brot ber þegar að tilkynna það ríkissaksóknara.

Vanhæfi lögreglustjóra til meðferðar máls

Brot skal að jafnaði rannsaka í umdæmi þar sem talið er að það hafi verið framið og ber lögreglustjóri ábyrgð á rannsókn sem fram fer í umdæmi hans. Hafi ætlað brot verið framið í umdæminu sem hinn grunaði starfar í ber lögreglustjóra að taka afstöðu til þess hvort hann sé vanhæfur til meðferðar málsins, sbr. 26. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Hafi hið ætlaða brot hins vegar verið framið í öðru umdæmi en hinn grunaði starfar í ætti lögreglustjóri, sem ábyrgð ber á rannsókn samkvæmt framangreindu, venjulega ekki að vera vanhæfur til meðferðar málsins.

Valtýr Sigurðsson